

11. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 7. október 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Ríkharður Hrafnkelsson, María Valdimarsdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Guðfinna D. Arnórsdóttir, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Sigurborg Sturludóttir og Vignir Sveinsson. Alda boðaði forföll.

Ríkharður setti fund kl. 17:05.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

X-ið.

Opnað 16. september og er aðsóknin mjög góð. Til að byrja með voru þær báðar á vakt en eru núna að fara að skipta sér á vaktir.

Inga Dalla fór á landsmót Samfés ásamt fjórum úr nemendaráði.

Horft var á fyrstu Idol keppnina í X-inu og mættu mjög margir. Á fimmtudagskvöldum er lokað í vetur en þess í stað opið til 23:00 á föstudagskvöldum. Búið að halda eitt ball fyrir 1.-9. bekk.

Ekki búið að laga stéttina fyrir framan X-ið þrátt fyrir beiðni.

Eru að útbúa auglýsingu þar sem auglýst er eftir krökkum til að taka þátt í söngleik sem sýndur yrði í lok nóvember.

Íþróttamiðstöðin.

Starfsemin er komin á fullt. Eitt fjöllíðamót búið. Gott að fá mót í byrjun því þá eru meiri líkur á að fá fleiri mót.

Tveir hópar eru búnir að koma í æfingabúðir og voru þeir mjög ánægðir með aðstöðuna.

Vignir er að setja upp nýjar reglur í íþróttahúsinu. Búinn að gera reglur til þjálfara og sýna þeim þær.

Búinn að fara yfir með starfsfólki um betra eftirlit í klefum og betri þrífum. Er að athuga með að setja upp sérstakt plan yfir þriffin.

2. Nýting á íþróttahúsi.

Ýmsar umræður um tímatöflu íþróttahússins. Fundarmenn sammála um að hvetja skólann til að nýta betur íþróttahúsið fyrripart dags í framtíðinni.

3. Önnur mál.

Umræða um útselda tíma vegna sundleikfimi. Verður tekið betur fyrir á næsta fundi.

Umræða um reykingaskiltið sem var í anddyri íþróttahúss. Verður það sett upp aftur.

Samstarf við Snæfell v. íþróttavöll (merking o.þ.h.) gekk vel í sumar. Vignir vill að næsta sumar verði fenginn unglingur úr vinnuskóla til starfa á íþróttavellinum, telur að næg verkefni séu fyrir hendi.

Ekki hefur verið gerður ráðningarsamningur við starfsmenn X-ins. Ríkharður ætlar að athuga þetta.

Vignir, Inga Dalla og Guffý yfirgáfu fundinn kl. 18.10.

4. Starfsmaður í heilsársstarf til að sinna æskulýðsmálum. Ýmsar umræður um þetta mál. Ríkharður ætlar að kanna kostnað við yfirmann vinnuskóla.

Samþykkt að funda fljótlega og ganga frá þessu máli.

Fundi slitið kl. 18:40.

María Valdimarsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.),
Kristín Rut Helgadóttir (sign.).